

Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og sjúkraþjálfara um einstaklingsþjónustu

Með undirritaðri og innsendri umsókn sinni um aðild að samningi þessum á sviði starfsendurhæfingar milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og sjúkraþjálfara, samþykkir sjúkraþjálfari samning þennan og skuldbindur sig til að fara eftir honum í einu og öllu á meðan samningssambandið varir.

1 Inngangur

Atvinnutengd starfsendurhæfing byggir á samvinnu og samstarfi við þjónustuaðila innan ólíkra þjónustukerfa. Í þeim tilfellum sem einstaklingur er í þjónustu sjúkraþjálfara í tengslum við atvinnutengda starfsendurhæfingu er nauðsynlegt að góð samskipti og upplýsingastreymi eigi sér stað á milli viðkomandi einstaklings, ráðgjafa VIRK og sjúkraþjálfara, svo væntur árangur náist. Til að tryggja og efla þessi samskipti hefur VIRK útbúið samning þennan um samskipti og greiðslur ef ráðgjafar eða sérfræðingar VIRK hafa tilkynnt um greiðsluþátttöku sjóðsins og umsýslu af hálfu sjúkraþjálfara sem ekki fellur innan rammasamnings Sjúkratrygginga Íslands.

Samskipti VIRK og sjúkraþjálfara byggja annars vegar á umsýslu að beiðni VIRK og hins vegar á upplýsingastreymi milli sjúkraþjálfara og ráðgjafa VIRK sem grundvallast á upplýstu samþykki einstaklingsins og lögbundnu hlutverki VIRK.

Þegar sjúkraþjálfun er talin nauðsynleg samhliða atvinnutengdri starfsendurhæfingar getur VIRK óskað eftir samstarfi við sjúkraþjálfara enda liggja fyrir beiðni læknis vegna sjúkraþjálfunar einstaklings. VIRK mun í þeim tilfellum inna af hendi greiðslur til sjúkraþjálfara í samræmi við það sem í samningi þessum greinir. Þessar greiðslur munu aðeins verða inntar af hendi ef til staðar er formleg beiðni frá ráðgjafa VIRK til viðkomandi sjúkraþjálfara.

Sjúkraþjálfun er heilbrigðisþjónusta sem byggir á lögum og reglugerðum frá heilbrigðisfyrirvöldum. Kostnaðarhlutdeild einstaklinga í sjúkraþjálfun ákvarðast með reglugerð frá velferðarráðherra. Um þjónustu sjúkraþjálfara og kröfur til þeirra gildir að öðru leyti rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands og sjúkraþjálfara.

2 Markmið og gildissvið

Markmið þessa samnings er að koma á samstarfi milli VIRK og sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og stuðla að heildstæðu kerfi endurhæfingar hér á landi.

Samningur þessir tekur til starfa þeirra sjúkraþjálfara sem hafa rétt til að vinna samkvæmt gildandi rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands og hafa fengið ósk um samstarf frá VIRK um sjúkraþjálfun í tengslum við atvinnutengda starfsendurhæfingu.

Samningur þessir tekur til viðbótarþjónustu sem sjúkraþjálfarar inna af hendi vegna atvinnutengdrar starfsendurhæfingar einstaklinga sem sinnt er í sjúkraþjálfun. Samningurinn gildir um samskipti aðila og greiðslur í þeim tilfellum sem sjúkraþjálfarar hafa verið samþykktir til starfa samkvæmt samningi þessum.

3 Aðild að samningnum

Eftir samningi þessum geta eingöngu starfað löggiltir sjúkraþjálfarar hafa fengið samþykki SÍ til að starfa samkvæmt rammasamningi SÍ um sjúkraþjálfun utan sjúkrahúsa.

Umsóknir skulu færðar inn rafrænt við fyrstu innskráningu sjúkraþjálfara í upplýsingakerfi VIRK.

Með sama hætti geta sjúkraþjálfunarstöðvar og fyrirtæki sem óska eftir að veita einstaklingsþjónustu samkvæmt samningi þessum sent inn umsókn sama efnis og sjálfstæðir sjúkraþjálfarar. Í þeim tilfellum skulu erindinu þó fylgja nöfn sjúkraþjálfaranna sem um ræðir.

VIRK áskilur sér rétt til að fara yfir umsóknir og hafna þeim. Eftir að VIRK hefur samþykkt umsókn telst samningur kominn á milli aðila.

Samþykki VIRK á umsókn felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu VIRK um að einstaklingum verði vísað í þjónustu hjá viðkomandi sjúkraþjálfara. Að því marki sem kemur til kaupa þjónustu á grundvelli þessa samnings hefur VIRK frjálssar hendur með það til hvaða sjúkraþjálfara innan þessa samnings ráðgjafar vísa einstaklingum til á hverjum tíma.

4 Samskipti

Samskipti VIRK við sjúkraþjálfara fara m.a. fram með rafrænum hætti í upplýsingakerfi VIRK. Sjúkraþjálfari skal í upphafi samstarfs stofna aðgang og veita umbeðnar upplýsingar og gögn í samræmi við beiðni VIRK þar að lútandi.

Sjúkraþjálfarar og ráðgjafar skulu hafa samráð í byrjun ferils til að starfsendurhæfing verði markviss og skilvirk. VIRK gerir þá kröfu að samskipti fari að öllu leyti fram í gegnum upplýsingakerfi VIRK eða í undantekningartilfellum símleiðis.

Þegar einstaklingur í starfsendurhæfingu hjá VIRK er að hefja meðferð hjá sjúkraþjálfara samkvæmt beiðni læknis sendir ráðgjafi VIRK þjónustubeiðni í gegnum upplýsingakerfi VIRK þar sem fjöldi tíma í sjúkraþjálfun vegna starfsendurhæfingar er tilgreindur. Mikilvægt er að sjúkraþjálfari tryggji að umbeðinn fjöldi skipta frá ráðgjafa VIRK sé ekki umfram skipti sem SÍ hefur eða mun samþykkja.

Ráðgjafi og sjúkraþjálfari skulu eiga samskipti í gegnum upplýsingakerfi VIRK eftir þörfum. Við komu í þjónustu VIRK skrifar einstaklingur undir upplýst samþykki þar sem hann gefur ráðgjafa/sérfræðingi VIRK leyfi til að vera í samskiptum við meðhöndlandi aðila vegna starfsendurhæfingar. Meðhöndlandi sjúkraþjálfari getur kallað eftir afriti af upplýsta samþykkinu. Einstaklingur, ráðgjafi og/eða sérfræðingur VIRK getur afhent sjúkraþjálfara upplýsingar úr upplýsingakerfi VIRK sem teljast mikilvægar og nauðsynlegar fyrir markvissa meðferð sjúkraþjálfara.

Í lok mats á vegum VIRK getur verið gagnlegt að meðhöndlandi sjúkráþjálfari sitji skilafund til að fara yfir niðurstöður og skipulagningu á áframhaldandi starfsendurhæfingu.

5 Þjónustubeiðnir

Greiðsla VIRK vegna sjúkráþjálfunar einstaklings miðast við þá dagsetningu sem kemur fram á þjónustubeiðninni. Kostnaður vegna sjúkráþjálfunar sem þegar hefur átt sér stað fyrir þá dagsetningu verður ekki greiddur af VIRK. Eingöngu er greitt í samræmi við þjónustubeiðni.

Sjúkráþjálfarar og VIRK hafa komið sér saman um að eftirfarandi texti fylgi þjónustubeiðnum vegna sjúkráþjálfunar:

*Markmið einstaklingsins er að styrkja stöðu sína við að eiga afturkvæmt á vinnumarkað.
Vinsamlegast sendið reikning vegna greiðslna frá VIRK samkvæmt þessari þöntun til VIRK.
Kostnaðarþáttaka VIRK miðast við að einstaklingur eigi réttindi hjá Sjúkratryggingum Íslands.*

Þjónusta sjúkráþjálfara skal enn fremur taka mið af þeim markmiðum sem sett hafa verið fram í áætlun VIRK sem er aðgengileg bæði sjúkráþjálfara og einstaklingi.

6 Umsýsla og greinargerðir

Umsýsla vegna samstarfs sjúkráþjálfara og VIRK felst m.a. í samskiptum við ráðgjafa VIRK, skráningu mætingar einstaklings í rafrænt kerfi VIRK (hakað við hvern tíma) og reglulegri skráningu á stöðu markmiða sem verið er að vinna að. Regluleg skráning sjúkráþjálfara er mikilvæg svo VIRK sé unnt að fylgjast með ástundun einstaklings. Ef mæting einstaklings í þjónustu fer undir 80% án lögmætra forfalla ber sjúkráþjálfara að senda VIRK tilkynningu þess efnis án tafar.

Ráðgjafi getur óskað eftir greinargerð sjúkráþjálfara þar sem fram kemur gangur meðferðar og horfur m.t.t. mögulegrar atvinnuþáttöku einstaklingsins. Sjúkráþjálfari fær þá senda sérstaka þjónustubeiðni vegna þess. Greinargerðin skal fyllt út í upplýsingakerfi VIRK. Miðað er við að greinargerðir berist að öllu jöfnu eigi síðar en 5 virkum dögum frá dagsetningu þöntunar.

7 Greiðslur og gjaldskrá

Einstaklingar bera sjálfir ábyrgð á og skulu greiða kostnaðarhlutdeild sína í sjúkraþjálfun í samræmi við þau lög, reglur og samninga sem um kostnaðarhlutdeild sjúklunga í heilbrigðiskerfinu gilda.

Fyrir vinnu vegna umsýslu, greinargerða og þátttöku á skilafundi verður greitt í samræmi við eftirfarandi gjaldskrá:

Verkþáttur	Lýsing	Fjárhæð
Greinargerð	Greiðsla fyrir umbeðna greinargerð frá sjúkraþjálfara sbr. 6. gr. samningsins. Aðeins er greitt fyrir greinargerð ef ráðgjafi hefur óskað eftir henni með formlegri beiðni.	7000 kr.
Kostnaður vegna umsýslu og samskipta við ráðgjafa	Greiðsla fyrir umsýslukostnað vegna samskipta sjúkraþjálfara við ráðgjafa VIRK og skráningar í upplýsingakerfi VIRK	1.100 kr. fyrir hvert skipti einstaklings í sjúkraþjálfun.
Þátttaka í skilafundi að loknu sérhæfðu mati	Greiðsla fyrir komu og þátttöku á skilafundi í kjölfar mats.	14.000 kr

Um er að ræða heildarverð vegna umræddra viðbótarverka sem sjúkraþjálfarar vinna vegna samstarfs við VIRK. Ekki mun vera um frekari greiðslur að ræða frá VIRK til sjúkraþjálfara nema samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Sjúkraþjálfarar bera sjálfir allan kostnað af tækjum, búnaði, aðstöðu og öðru sem þeir kunna að nota í sinni meðferð.

Ef einstaklingur mætir ekki í bókaðan tíma gilda almennar reglur sjúkraþjálfara um forföll. Er það á ábyrgð hvers sjúkraþjálfara eða stofu hans að kynna fyrir einstaklingi gildandi reglur. VIRK greiðir ekki fyrir tíma sem einstaklingur mætir ekki í. Ráðgjafi VIRK mun upplýsa einstakling um hans eigin ábyrgð og mögulegar greiðslur ef um ótilkynnt forföll er að ræða og undirritar einstaklingur þáttökusamning þar sem krafist er að lágmarki 80% mætingar í öll úrræði. Í þáttökusamningi kemur einnig fram að einstaklingur sé sjálfur ábyrgur fyrir kostnaðarhlutdeild sinni í úrræði ef hann getur ekki nýtt bókaðan tíma og tilkynnir ekki forföll innan tilskilins tímafrests viðkomandi úrræðaaðila.

8 Reikningar

Sjúkraþjálfari sendir reikning í samræmi við framangreinda gjaldskrá til VIRK, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík, með dagsetningum meðferðardaga ásamt yfirliti úr Gagna yfir tímafjölda sem einstakl hefur sótt.

Sjúkraþjálfurum er heimilt að senda reikning mánaðarlega eða heildarreikning vegna þjónustu við einstakling þegar þjónustu við einstakling er lokið. Útgáfa reikninga er innifalin í umsýslugjaldi samkvæmt reglum þessum og mun VIRK ekki greiða seðilgjald eða annan innheimtukostnað vegna útgáfu reiknings.

Reikningur skal uppfylla skilyrði um form og efni sölureikninga og stílaður á VIRK-Starfsendurhæfingarsjóð kt. 440608-0510.

Á reikningi þarf að koma fram nafn og kennitala einstaklings ásamt nafni ráðgjafa sem bað um þjónustuna og upplýsingar um tímabil meðferðar. Ef reikningur er gefinn út af stofu sjúkráþjálfara skal gera grein fyrir nafni sjúkráþjálfara sem þjónustuna veitti.

Pöntuð greinargerð skal hafa borist áður en reikningur vegna hennar er greiddur.

Ef í ljós kemur að reikningur er ekki réttur miðað við fyrirbyggjandi beiðni um þjónustu eða að gögn samkvæmt þessum samningi hafa ekki verið afhent þá er VIRK heimilt að halda eftir greiðslu þar til úr því hefur verið bætt.

9 Kröfur, ábyrgð og tryggingar

Sjúkráþjálfarar sem starfa samkvæmt samningi þessum skulu uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur, eftirlit og hafa þá fagþekkingu, leyfi og réttindi sem krafist er af viðkomandi starfsemi samkvæmt lögum og reglum.

Sjúkráþjálfarar bera ábyrgð á meðferð sinni sem heilbrigðisstarfsmenn í samræmi við lög, reglur og siðareglur sem um þá gilda. Þeir skulu hafa í gildi allar lögboðnar tryggingar sem eiga við um starfsemi þeirra.

Um kröfur til sjúkráþjálfara vísast til núgildandi rammasamnings SÍ, einkum 2. og 3. gr. Sjúkráþjálfarar staðfesta með umsókn sinni að þeir uppfylla allar þær kröfur.

Komi, að mati VIRK, í ljós verulegur misbrestur á því að sjúkráþjálfari uppfylli skyldur sínar og gæðakröfur skv. samningi þessum veitir það VIRK heimild til að rifta samningi við viðkomandi sjúkráþjálfara og heimta bætur vegna fjártjóns. Það sama gildir ef sjúkráþjálfari eða starfsmenn hans hafa gerst sekir um brot gegn almennum hegningarlögum eða refsíákvæðum sérlaga.

Komi til vanefnda skulu almennar reglur kröfuréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar gilda um samning þennan að öðru leyti en því er greinir sérstaklega á um í ákvæðum hans.

10 Þagnarskylda og trúnaður

Sjúkráþjálfarar sinna trúnaðar- og ábyrgðarverkefnum á vegum VIRK. Eðli þjónustunnar vegna ber þeim að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn sem þeir hafa aðgang að af fyllsta trúnaði. Við skráningu og meðhöndlun upplýsinga um mál einstaklinga skal farið í samræmi við lög og reglur um persónuvernd. Trúnaður þessi gildir áfram eftir lok samningstímabilsins.

Trúnaðarskyldur sjúkráþjálfara samkvæmt samningi þessu lúta bæði að trúnaði gagnvart VIRK og einstaklingi í þjónustu.

Brot á þagnar- og/eða trúnaðarskyldu leiðir til fyrirvaralausrar riftunar á samningnum gagnvart hinum brotlega.

11 Ágreiningur

Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins eða einstaka samningsákvæða og túlkunar á þeim skuldbinda aðilar samnings þessa sig til að leita allra leiða til að leysa ágreining innbyrðis. Reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

12 Gildissvið og gildistími

Samningur þessi er ótímabundinn og tekur gildi 1. ágúst 2018. Samningurinn gengur fram og kemur að öllu leiti í stað fyrri samstarfsreglna VIRK og félags sjúkraþjálfara dags. 5. júlí 2013.

VIRK áskilur sér rétt til að segja samningnum lausum með 3 mánaða fyrirvara. VIRK er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart einstökum sjúkraþjálfurum með þriggja mánaða fyrirvara


Sjúkraþjálfari, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt þessum samningi, skal tilkynna það skriflega til VIRK með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir að samningur þessi taki gildi 1. ágúst 2018 munu sjúkraþjálfarar sem sækja um aðild að samningnum og skrá sig rafrænt í upplýsingakerfi VIRK fá greiðslur í samræmi við þá gjaldskrárhækkun sem samningurinn felur í sér, frá þeim degi þeir skrá sig á samninginn. Sú hækkun kemur til gegn því að þeir skuldbinda sig til að sinna allri umsýslu, greinargerðarskilum og samskiptum rafrænt í kerfinu eins og samningurinn gerir kröfu um. Að öðru leyti halda samstarfsreglurnar frá 5. júlí 2013 gildi sínu fram til 1. ágúst 2018.

Reykjavík, 14. maí 2018

F.h. VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs



Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri